

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

12. fundur

Laugardaginn 16. mars 2019 í Gautaborg

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson. Einnig voru á fundinum: Joakim Kaminsky frá Kjellgren Kaminsky arkitektur, Oskar Ivarsson frá Mareld landskapsarkitekter og Jaakko van 't Spijker frá Javanspkijker.

- 1) Oskar og Joakim kynntu nýjustu útfærslur að þróun og uppbyggingu á Flensborgarsvæðinu. Ný mörk skipulagssvæðisins með stækkun að miðbæ yfirfarin og jafnframt einstakir þættir og útfærslur í tillögunni. Rætt um hugsanlega áfangaskiptingu og tímröðun verkefna. Fundarmenn lögðu inn ýmsar ábendingar og áherslur og einnig voru kynnar fyrir arkitektum nýjar útfærslur við Háabakka sem eru innan skipulagssvæðisins. Munu verða í sambandi við Batteríð um skipulagið á þessum reit.
- 2) Jaakko fór yfir tillögur varðandi Óseyrar- og Fornubuðasvæði. Rætt um skipulag byggðar og form bygginga, umferðarmál og atvinnuskipan á Fornubúðarsvæði. Fyrir fundinn höfðu nefndarmenn ásamt arkitektum skoðað uppbyggingu á hafnarsvæðum í Malmö og nærliggjandi bæjarfélögum og einnig umfangsmiklar áætlanir um framtíðar uppbyggingu á Gautaborgarsvæðinu. Skipulag og íbúðaform með margvíslegum hætti sem gefur ýmsar góðar hugmyndur um áherslur í rammaskipulagsvinnunni.
- 3) Ákveðið að næsti fundur arkitekta og samráðsnefndar verði í 2. viku apríl. Þá verði farið í skoðunarferð um allt skipulagssvæði og skoðuð sérsaklega þau atriði sem aðilar eru sammála um að yfirfara nánar og jafnframt að funda með rekstaraðilum á þeim svæðum. Jafnframt verði haldnir almennir kynningarfundir um stöðu verkefnisins og kallað eftir ábendingum fyrir lokavinnslu.
- 4) Samþykkt að stefnt verði að því að endanlegar tillögur að rammaskipulagi fyrir heildarsvæðið liggi fyrir um miðjan maí n.k.

Fleira ekki tekið fyrir
LG ritaði fundargerð